

## Almannavarnir - mannabreytingar

**Til** : sigurjon@hornafjordur.is <sigurjon@hornafjordur.is>; sveitarstjóri <sveitarstjóri@vik.is>; sveitarstjóri <sveitarstjóri@klaustur.is>; Anton Kári Halldórsson <anton@hvolsvollur.is>; Jón Valgeirsson <jon@ry.is>; Valtýr Valtýsson <valtyr@asahreppur.is>; Bragi Bjarnason <bragi@arborg.is>; floahreppur@floahreppur.is <floahreppur@floahreppur.is>; sylviakaren@skeidgnup.is <sylviakaren@skeidgnup.is>; Aldís Hafsteinsdóttir <aldis@fludir.is>; Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>; fjola@gogg.is <fjola@gogg.is>; petur@hveragerdi.is <petur@hveragerdi.is>; Elliði Vignisson <ellidi@olfus.is>

**Frá** : Arndís Soffía Sigurðardóttir <arndis.sigurdardottir@logreglan.is>

**CC** : Björn Ingi Jónsson <bij01@logreglan.is>; Bjarki Oddsson <BjarkiO@logreglan.is>

**Heiti** : Almannavarnir - mannabreytingar

**Málsnúmer** : 2604012

**Málsaðili** : Lögreglustjórinn á Suðurlandi

**Skráð dags** : 09.03.2026 10:50:06

**Höfundur** : Arndís Soffía Sigurðardóttir <arndis.sigurdardottir@logreglan.is>

**Viðhengi** : [image006.png](#)  
[image005.png](#)  
[image004.png](#)  
[image003.png](#)  
[image002.png](#)  
[image001.png](#)

Sæl öll

Ég sendi þennan tölvupóst til að upplýsa ykkur sveitarstjóra um að Björn Ingi Jónsson, sviðsstjóri almannavarna hjá embætti lögreglustjórans á Suðurlandi hefur ákveðið að þiggja starf fjármála- og skrifstofustjóra hjá sveitarfélaginu Rangárþingi eystra. Honum er þakkað fyrir vel unnin störf í þágu almannavarna í umdæminu en hann hefur sinnt starfanum frá árinu 2019. Núna er unnið að yfirfærslu verkefna en það er okkur öllum afar mikilvægt að vel takist til.

Tekin hefur verið ákvörðun um að Bjarki Oddsson taki tímabundið við verkefnum Björns Inga og að starfið verði í framhaldinu auglýst laust til umsóknar. Með þessari ákvörðun er tryggt að ekki verði rof í starfseminni og að yfirfærsla verkefna verði skilvirk og árangursrík frá upphafi. Aðeins um Bjarka:

Bjarki hefur starfað um árabíl hjá embætti lögreglustjórans á Suðurlandi en hann hefur sinnt stöðu varðstjóra og rannsóknarlögreglumanns síðastliðin ár. Hefur víðtæka reynslu af aðgerðarstjórnun hann hefur sinnt nýliðaþjálfun og endurmenntun lögreglumanna, verið virkur félagi í björgunarsveit um langt skeið ásamt því að hafa verið hluti af svæðisstjórn björgunarsveitanna. Þá hefur hann starfsreynslu við sjúkraflutninga frá HSU. Bjarki er með B.A. gráðu í Lögreglu- og löggæslufræðum, viðbótadiplómu í opinberri stjórnsýslu og stundar nú meistaranám í forystu og stjórnun með áherslu á mannauðsstjórnun við Háskólann á Bifröst.

Bjarki er þegar byrjaður að kynna sér verkefni verkefnastjóra almannavarna skv. samningi lögreglustjórans á Suðurlandi og almannavarnanefnda í umdæminu, mæta á fundi tengda almannavörnum og er tilbúinn að vinna að krafti í þágu málaflokksins. Við viljum leggja áherslu á góða samvinnu í málaflokki hér eftir sem hingað til. Á þessum tímapunkti liggur ekki fyrir nákvæm dagsetning starfsloka Björns Inga en unnið er að því að yfirfærsla verkefna geti verið bæði hröð og farsæl.

Ég vil hvetja ykkur til að hafa samband við mig ef þið hafið einhverjar spurningar og ég hef þá Björn Inga og Bjarka báða í CC ef þið viljið hafa beint samband við þá. Gott væri að fá staðfestingu á móttöku þessa tölvupósts.

Kveðja góð,  
Arndís


**Arndís Soffía Sigurðardóttir**

Lögrelustjóri

*Skrifstofa lögrelustjóra*

**Lögrelustjórinn á Suðurlandi**

[arndis.sigurdardottir@logreglan.is](mailto:arndis.sigurdardottir@logreglan.is)



---

[Um ábyrgð í tölvupósti](#)

[sudurland@logreglan.is](mailto:sudurland@logreglan.is)

4442000 - Hlíðarvegi 16, 860 Hvolsvelli



# græn SKREF

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupóstur er prentaður / Please consider the environment before printing.